

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

1. gr.
Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 37/2010 um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

2. gr.
Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu, blátunnu og græntunnu og miðast við stærð þeirra ílata og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>	<i>Græntunna</i>
240 1 ílát	18.110 kr.	4.831 kr.	4.831 kr.
660 1 ílát	36.198 kr.	9.655 kr.	9.655 kr.
1.100 1 ílát	54.287 kr.	14.480 kr.	14.480 kr.

Grátunna: söfnun á 21 daga fresti.

Blátunna: söfnun á 42 daga fresti.

Græntunna: söfnun á 42 daga fresti.

3. gr.
Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Bláskógabyggð, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs, annars en garðaúrgangs, timburs og spilliefna, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ári ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Sorpeyðingargjald vegna heimilisúrgangs:

Íbúðarhúsnæði	21.658 kr.
Frístundahúsnæði	18.989 kr.
Lögbýli	13.269 kr.
Fyrirtæki	49.100 kr.

Fyrirtæki, lögbýli eða frístundahúsafélög sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðvum eða nýta þjónustu verktaka vegna hirðingar og eyðingu úrgangs vegna atvinnureksturs skulu greiða móttökugjald á móttökustöð eða verktaka fyrir þá þjónustu. Gjaldtaka á móttökustöð eða gjaldtaka þjónustuverktaka er ekki hluti af gjaldi sveitarfélagsins skv. þessari grein.

4. gr.
Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m^3 þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Húsráðanda er heimilt að afsetja heimilisúrgang allt að $0,25 m^3$ án gjaldtöku. Gjaldtakan er að lágmarki $0,25 m^3$ og hleypur á $0,25 m^3$ eftir það.

Móttökugjald á einn m^3 5.900 kr.

Nr. 105

14. janúar 2019

5. gr.

Gjaldtaka þjónustuverktaka.

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnaði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð sé aldrei hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar 14. desember 2018 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 8. janúar 2019. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1243/2017 fyrir sorphirðu og með-höndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

Bláskógabyggð, 14. janúar 2019.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2019